

132. löggjafarþing 2005-2006.
Þskj. 791 – 544. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Munnlegt svar

Virðulegi forseti

Háttvirtur þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson hefur beint til mín munnlegri fyrirspurn um eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla.

1. *Hefur ráðuneytið eftirlit með því að staðsetning sjúkraflugvéla sé ávallt í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um sjúkraflug?*

Á síðastliðnu ári voru farin rúmlega 400 sjúkraflug, að meðaltali rúmlega eitt sjúkraflug á dag.

Ráðuneytið fær reglulega yfirlit frá flugrekendum með upplýsingum um öll sjúkraflug, sundurliðuðum eftir tegund útkalls. Yfirlitin sýna nákvæma tímasetningu um öll sjúkraflug. Yfirlitin sýna hvenær beiðni barst flugrekanda um sjúkraflug, hvenær flugvél var tilbúin til brottfarar, hvenær flugvélin fór í loftið og hvenær lent var með sjúkling á áfangastað. Fari viðbragðstími í sjúkraflugi umfram ákvæði gildandi samninga ber flugrekendum að koma með skýringar þar um. Viðbragðstími sjúkraflugs getur orðið lengri en ákvæði samninga gera kröfur um af óviðráðanlegum orsökum t.d. vegna veðurs eða ófærðar. Þá kemur fyrir að það taki heilbrigðisstarfsfólk talsverðan tíma að undirbúa sjúklinga fyrir sjúkraflug og getur það leitt til tafar á brottför flugvélar.

Ráðuneytið hefur beint því til heilbrigðisstofnana sem nýta sér þjónustu sjúkraflugs, að þær tilkynni ráðuneytinu ef flugrekendur standa ekki við gerða samninga.

Með nýjum samningum sem tóku gildi um áramótin var fagleg framkvæmd sjúkraflugs elfd enn frekar með því að ráða sjúkraflutningamann til að hafa eftirlit með samningum um sjúkraflug. Starfsmaðurinn sér um að tryggja gæði og áreiðanleika sjúkraflugsins ásamt því að hafa eftirlit með búnaði sem notaður er til sjúkraflugs.

2. *Eru einhver refsíákvæði í þeim samningum sem gilda ef flugfélög standa ekki við þá?*

Það eru vanefndarákvæði í samningum um sjúkraflug eins og er í öðrum samningum sem ráðuneytið gerir. Heimilt er að fella niður greiðslur vegna þess sem vanefnt hefur verið hvort sem um er að ræða tímabil og/eða einstök flug. Þá er samkvæmt samningunum heimilt að segja samningunum upp án fyrirvara verði vanefndir ítrekaðar eða stórfelldar.

Þær skyldur voru settar á flugrekendur að þeir keyptu verktryggingu hjá banka til tryggingar skyldum sínum samkvæmt samningunum. Hægt er að krefjast greiðslu tryggingarinnar án undangengins dómsúrskurðar.

Virðulegi forseti.

Ég vona að ofangreindar upplýsingar svari spurningum háttvirts þingmanns.

(Talað orð gildir)